

# Hörgársveit



## Gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit 2024

### 1. gr.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

### 2. gr.

Sorpgjald heimila er kr. 68.800. Sorpgjald frístundahúsa er kr. 21.500, miðað við að þjónusta er ekki veitt að vetri til (1. október – 30. apríl). Sorpgjald búrekstrar er 140 kr. fyrir hverja sauðkind, 540 kr. fyrir hvert hross, 740 kr. fyrir hvert svín og 750 kr. fyrir hvern nautgrip.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 23. nóvember 2023 er sett samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi og fellur á sama tíma úr gildi gjaldskrá 1544/2022 fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 með síðari breytingu hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá þann 19.12.2023.

**Hörgársveit, 19. desember 2023**  
**Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri**